

Þau hlakka til að halda jóla í Kárahnjúkum með Matteo litla



Við helgiathöfn í aðkomugöngum 1 á degi Heilagrar Barböru. Franceschi og Carmen Massimo með Matteo litla.

Hjónin Carmen og Franceschi Massimo ætla að verja jólahátíðinni ásamt fjórtán mánaða gamla drengnum sínum, honum Matteo, í Kárahnjúkavirkjun þetta árið. **Steinunn Ásmundsdóttir** leit inn hjá þeim í gær.

Kárahnjúkum | Þótt ung séu að árum, um þrítugt, hafa Carmen og Franceschi Massimo varið jólum víða um heim, í Rússlandi, Nepal, Indlandi og Kína, svo eitthvað sé nefnt.

Franceschi hefur unnið fyrir Impregilo S.p.A. síðustu fimm árin og stjórnar nú gangatæknideild fyrirtækisins við Kárahnjúka. Hann kom í marsbyrjun og var einn af þeim fyrstu sem mættu til starfa á vegum fyrirtækisins.

Kárahnjúkar, Nepal og Rússía

Carmen kom í maí til Íslands og bjó fyrstu tvo mánuðina á Egilsstöðum. "Hún fylgir mér yfirleitt á verkstaði," segir Franceschi. "Já, ég hef búið í Nepal, Rússlandi, Indlandi og Kína," segir Carmen og hefur gaman af að kynnast nýjum löndum, þó að á köflum sé það einnig erfitt. "Það er mjög jákvætt að hafa fjölskylduna hjá sér á verkstað," segir Franceschi. "Það auðveldar alla hluti og langur aðskilnaður er vondur.

Í Nepal vorum við í býsna líkum aðstæðum og hér," segir Franceschi. "Auðvitað er hlýtt þar og kalt hér, en við vorum fjarri mannabyggðum, næsta borg var þrjú tíma akstur í burtu og vegirnir hræðilegir og aðstæður oft erfiðar í fjöllunum. Búðir okkar í Nepal voru byggðar við betri aðstæður og voru tilbúnar þegar við komum á staðinn. Hérna hefur okkur verið hrókað til eftir því sem búðirnar hafa byggst upp á síðustu mánuðum. Í búðunum í Nepal var sundlaug og góð félagsaðstaða þar sem menn hittust mest um helgar og á hátíðum. Hver fjölskylda hafði lítinn garð með blómum. Í Rússlandi voru aðstæður gjörólíkar. Þar vorum við inni í St. Pétursborg og hver fjölskylda hafði íbúð út af fyrir sig. En þar var að vísu öllum skítkalt. Mér sýnast aðstæður við Kárahnjúka blendingur af þessu tvennu, við erum hér á reginfjöllum og hér er kalt."

Þetta er eðlilegt líf

"Það sem ég er í raun að segja er að við lifum eðlilegu lífi. Þetta er hvorki útlegð né aðstæður mannskemmandi. Þrátt fyrir að enn sé verið að ljúka uppbyggingu búðanna og félagsaðstaðan, eða klúbburinn, sé ekki tilbúin og verði það sjálfsagt ekki fyrir jóla er gott að vera hér og ekki undan neinu að kvarta. Við hlökkum þó til þegar félagsaðstaðan öll og verslunin verða tilbúin, því Carmen er hér frá morgni til kvölds með drenginn og ekki mikið við að vera. Það tekur stundum á en mun breytast.

Carmen segist hitta aðrar mæður í fjölskyldubúðunum daglega þar sem börnin leika sér saman og mæðurnar taki sér ýmislegt fyrir hendur. Tvisvar í viku fer smárúta með þær sem vilja niður í Egilsstaði, þar sem konurnar versla til heimilisins og gera sér dagamun með börnin.

Tíu börn eru nú í Kárahnjúkum, Matteo það yngsta og hið elsta þrettán ára. "Hann hittir önnur börn og líður ekki af einangrun að neinu leyti," segir Carmen.

"Við berum engar áhyggjur fyrir vetrinum. Við höfum lækniþjónustu og fólk allt í kringum okkur, góða vistarveru og gott atlæti."

Gott inni og vont úti

Þau búa í rúmlega 60 fm íbúðareiningu vestast í Laugarásþorpinu. Íbúðin skiptist í agnarsmátt anddyri, stofu, rúmgott eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi og geymslu og þvottahús. Í veggjum eru lakkadar masónítplötur og dyra- og gluggakarmar úr dökku járn. Gólfín eru dúklögð og hlýtt inni. Íbúðin er vel búin húsgögnum og býsna notaleg. Sjónvarpið malar á einhverri ítalskri tískustöð og reykelsisangan flýgur létt um loftið. Útsýnið er hins vegar slæmt, því maður horfir annaðhvort beint á ryðgaða gáma eða í vegginn á næstu silfurlitu íbúðaröð. Þau Franseschi og Carmen verða dálítið íbyggin á svip þegar spurt er um lekavandamál í þeirra íbúð, segja snöggt að gert sé jafnóðum við það sem þurfi og það sé ekki vandamál.

Heima er þar sem fyrirtækið er að störfum

Franseschi er frá þorpi nærri Feneyjum en Carmen frá Sikiley, þótt hún hafi frá unga aldri alist upp í sama þorpi og hann. Þau sakna fjölskyldna sinna á Ítalíu og segja að nú sé að verða heilt ár síðan þau sáu foreldra sína síðast. En eins og þeir sem lengi hafa unnið hjá Impregilo segja verður Ítalía kannski ekki endilega "heima" heldur hver sá staður sem fyrirtækið er með framkvæmdir á í það sinnið.

Jólasveinninn kemur á aðfangadagskvöld

Franseschi þarf að vinna um jólin, því jarðgangavinnan heldur áfram yfir hátíðarnar og hann þarf því að vera á staðnum. Hann segir þá sem hafa fjölskylduna hjá sér gjarnan beðna að vinna opinbera frídaga, meðan hinir fara flestir til heimahaga hingað og þangað í veröldinni. Þau ætla hins vegar með Matteo litla í frí til Ítalíu fljótlega á nýju ári.

"Við hittum áreiðanlega jólasveinininn 24. desember og hann gefur börnunum gjafir. Við setjum þær undir jólatréð og eftir mat og drykk opnum við þær kringum miðnættið." Þau eru ekki búin að koma sér saman um hvað á að vera í matinn, kannski fínt tortellini, kannski eitthvað annað, en áreiðanlega panettoni, sú fræga ítalska sælkerakaka. Og sjálfsagt svínakjöt á gamlárskvöld, en þá verða hátíðahöld og menn skjóta upp rakettum.

"Venjulega myndu fjölskyldurnar skipuleggja hátíðarhald vegna jólanna og annan gleðskap í sameiginlegri félagsaðstöðu, en þetta árið verðum við kannski meira í vistarverum okkar," segir Carmen.

Hún unir sér vel í sínum nýja veruleika á íslenskum fjöllum, þessi litla ítalska fjölskylda. Matteo litli valsar um alsæll með lítið íslenskt leikfang sem datt inn úr dyrunum um leið og blaðamaður. Sem boðinn er velkominn í kaffi á heimili ítölsku hjónanna hvenær sem hann verður á ferðinni.